

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnslagnir á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps, nema annað sé fram tekið hér á eftir.

2. gr.

Vatnsveita Árskógshrepps er eign Árskógshrepps og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirstjórn hreppsnefndar Árskógshrepps. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs Árskógshrepps til endurskoðunar og samþykktar. Hreppsnefnd kýs þriggja manna vatnsveitustjórn sem annast innheimtu og rekstur vatnsveitunnar og framkvæmdir.

3. gr.

Hver sá er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

4. gr.

Hver sá sem á húseign (íbúðarhús) við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, getur fengið lagða heimæð að húsinu inn að stofnkranu. Húseignin skal vera á skipulögðu svæði og reist með samþykki byggingarnefndar. Áður skal húseigandi hafa sótt um tengingu til vatnsveitunnar og greitt tilskilin tengigjöld.

Vatnsnot til annarra þarfa en almennra nota skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar sem fyrir eru geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem þess óska fyrir vatni til annarra þarfa en heimilis, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði veitunefndar, sé þess krafist.

Vatnsveitan skal koma fyrir brunahönum í samráði við fulltrúa slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis veitustjóra, nema slökkviliði.

5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að stofnkranu innanhúss.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Eigi er vatnsveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum og tækjum innanhúss á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vatnsnotendur skulu gæta þess sérstaklega að ekki frjósi í vatnsæðum. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn til hans og annast viðgerð á hans kostnað.

6. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituað, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjald-daga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

8. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinni við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Veitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitunnar eftir ástæðum, til þess að tryggja neytendum vatn sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissan tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar ef við verður komið, með svo rúnum fyrirvara sem auðið er.

9. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum á svæði vatnsveitunnar.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmíðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnu-fyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisnota. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m³. Nú er vatn notað án mælis og skal þá hreppsnefnd ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun hreppsnefndar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

10. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

11. gr.

Pegar vatn er selt samkvæmt mæli sbr. 9. gr. sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir edlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rifur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkv. almennum hegningarlögum. Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúss kerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

12. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitu. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess að húseigandi geri sérstaklegar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

13. gr.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu. Séu þessar æðar tengdar í sjálfvirkt blöndunartæki skal vera einstreymisloki á hvorri æð, við hlið blöndunartækis. Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Setja skal einstreymislöka við hvert vatnsinntak til að tryggja að heitt vatn geti ekki runnið út í dreifikerfi vatnsveitunnar. Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

14. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.